

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn í Laugarási mánudaginn 19. janúar 2026, kl. 8:30.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps (í fjarfundarbúnaði)
Fjóla Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.
Hér var gengið til dagskrár:

1. Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók.
Lagt fram og rætt trúnaðarmál sem fært er í trúnaðarmálabók.

Hér mættu Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu á fundinn og Ása Valdís Árnadóttir yfirgaf fundinn.

2. Framtíðarskipulag SVÁ.
Formaður kynnti þær framtíðar sviðsmyndir um skipan starfsemi SVÁ sem settar hafa verið fram í nýrri úttekt á starfseminni sem gerð var af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
Stjórn ræddi ítarlega þá möguleika sem eru til staðar til eflingar starfseminnar og fékk einnig fram sjónarmið deildarstjóra varðandi sviðsmyndirnar.

Eftir að hafa ítarlega skoðað niðurstöður úttektarinnar og rætt við deildarstjóra þá samþykkir stjórn samhljóða að ráðinn verði forstöðumaður fyrir SVÁ í fullt starf, tímabundið til eins árs, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga um fjárheimildir byggðasamlagsins. Formanni er falið að fullgera starfslýsingu forstöðumanns í samræmi við umræður á fundinum og auglýsa stöðuna. Kostnaði verði mætt með hækkun á launalið og er formanni einnig falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun sem sendur verði samhlíða þessari fundargerð til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar. Formanni er jafnframt falið að gera nauðsynlegar breytingar á starfslýsingum deildarstjóra í samræmi við ofangreinda ákvörðun.

3. Kennsluráðgjöf.
Deildarstjóri skólaþjónustu kynnti tímabundna ráðningu starfsmanns sem sinna mun kennsluráðgjöf í leik- og grunnskólum í 100% stöðu frá 1. febrúar til 30. júní 2026.

Stjórn fagnar þessari ráðningu og felur deildarstjóra skólaþjónustu að vinna áfram að framtíðarskipan þessara mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25.